# AAM GLEQ

## Fagfjárfestasjóður

## Ársreikningur 2013

AAM GLEQ
Borgartúni 27
105 Reykjavík

# Efnisyfirlit


| | Bls. | | Bls. |
|---|---|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 | | |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 | Yfirlit um breytingar á hreinni eign | 7 |
| Rekstrarreikningur | 5 | Yfirlit um fjárfestingar | 8 |
| Efnahagsreikningur | 6 | Skýringar | 9 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

AAM GLEQ er fagfjárfestasjóður sem starfar skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Sjóðurinn er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður fagfjárfestum. Sjóðurinn var stofnaður í október 2013. Sjóðurinn fjárfestir í sértryggðum skuldabréfum útgefnum af íslenskum fjármálafyrirtækjum og afleiðum á safn hlutabréfavísitalna, sem er fjármagnað með útgáfu skuldabréfa og annarra fjármálagerninga.

Rekstur sjóðsins er í höndum ALDA sjóða hf.

Ársreikningur sjóðsins er hluti af B-hluta ársreiknings Öldu sjóða hf. sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóði.

Hagnaður ársins nam 15 þús. kr. sem færist til hlutdeildarskírteinishafa. Hrein eign hlutdeildarskírteinishafa í lok ársins er 515 þús. kr.

**Yfirlýsing stjórnenda**

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á hreinni eign á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Öldu sjóða hf. hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2014.

Stjórn:

Óli Ó. B. Sveinsson

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til eigenda hlutdeildarskírteina í AAM GLEQ**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning fagfjárfestasjóðsins AAM GLEQ fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningur fagfjárfestasjóðsins AAM GLEQ gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu hann 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 19. mars 2014.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur 18. október til 31. desember 2013

| | Skýr. | 2013 |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur | | 16.095 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og þóknanir | | ( 15.436) |
| | 1-2 | 659 |
| **Rekstrargjöld** | | |
| Umsýsluþóknun | 3 | 644 |
| | | 644 |
| **Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini** | | 15 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

| | Skýr. | 2013 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 4 | 567.633 |
| Afleiðusamningar | 5 | 101.881 |
| Fjárfestingar samtals | | 669.514 |
| Handbært fé | 7 | 8.133 |
| Veltufjármunir samtals | | 8.133 |
| **Eignir samtals** | | 677.647 |
| **Skuldir** | | |
| Langtímaskuldir | 6 | 676.489 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 643 |
| Skuldir samtals | | 677.132 |
| **Hlutdeildarskírteini** | 9,10 | 515 |
| **Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals** | | 677.647 |

| | |
|---|---|
| Hrein eign | 515 |
| Fjöldi eininga | 500,00 |
| Gengi sjóðsbréfa í árslok | 1,03 |

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign 18. október til 31. desember 2013

| | 2013 |
|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | |
| Hagnaður ársins | 15 |
| | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | |
| Seld hlutdeildarskírteini | 500 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 500 |
| | |
| **Breyting á hreinni eign** | 515 |
| | |
| **Hrein eign í ársbyrjun** | 0 |
| | |
| **Hrein eign í lok lok árslok** | 515 |

# Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2013

| | 31.12.2013 | |
|---|---|---|
| | Markaðs- verð | % af eignum |
| **Íslensk skuldabréf** | | |
| Íslandsbanki ISLA CB 16 | 567.633 | 83,8% |
| **Afleiðusamningar** | | |
| Valréttarsamningar | 101.881 | 15,0% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 669.514 | 98,8% |
| Handbært fé | 8.133 | 1,2% |
| Aðrar eignir | 0 | 0,0% |
| Hrein eign samtals | 677.647 | 100,0% |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. *Grundvöllur reikningsskilanna*

Ársreikningur AAM GLEQ er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreglu að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

AAM GLEQ er fagfjárfestasjóður í rekstri ALDA sjóða hf. og sem slíkur hluti af ársreikningi ALDA sjóða hf. B-hluta. Fagfjárfestasjóðir ALDA sjóða hf. eru lokaðir sjóðir og eingöngu ætlaðir fyrir fagfjárfesta. Fagfjárfestasjóðir er því lokaður fyrir viðskiptum almennings.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðandir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

### b. *Erlendir gjaldmiðlar*

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi á uppgjörsdegi. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda eru færður í rekstrarreikning. Rekstartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### c. *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna eða gjalda miðað við síðasta skráða kaupgengi í lok ársins.

## 2. Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

| | 2013 |
|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 7.650 |
| Gengishækkun hlutabréfa og afleiðusamninga | 8.791 |
| Gengismunur vegna erlendra eigna | ( 346) |
| Fjármunatekjur samtals | 16.095 |
| Þóknanir | ( 3.947) |
| Gengishækkun skuldar | ( 11.489) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 15.436) |
| Hreinar fjármunatekjur samtals | 659 |

## 3. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu, ALDA Sjóðum hf., umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins svo sem laun starfsmanna og markaðskostnað. Í tilviki AAM GLEQ reiknast hún af heildareignum og nemur 0,5%.

4. **Verðbréf**

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutabréf. Skráð hlutabréf eru metin á dagslokagengi skv. kauphöll. Óskráð hlutabréf eru metin á kaupverði.

Verðbréf með föstum tekjum eru upphaflega metin á gangvirði en eftir það miðað við afskrifað kostnaðarverð miðað við virka vexti bréfsins. Skráð verðbréf með föstum tekjum eru metin á lokaverði markaða.

5. **Afleiður**

Afleiðusamningar sem eru annars vegar skiptasamningar um hlutabréf og hins vegar valréttarsamningar eru skráðir á markaðsvirði í árslok.

6. **Langtímaskuldir**

Langtímaskuld AAM GLEQ er skuldabréf. Tegund skuldabréfsins er eingreiðslubréf þar sem hækkun er tengd ávöxtun erlendrar vísitölukörfu. Bréfið er án fastra vaxta. Gjalddagi bréfsins er í október 2016. Skuldin er sýnd í efnahagsreikningi með áföllnum gengismun og er gengismunur færður í rekstrarreikning. Höfuðstóll skuldabréfsins endurgreiðist í íslenskum krónum en hækkunarstuðull greiðist í USD.

7. **Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af bankareikningum hjá innlánsstofnunum.

8. **Skattamál**

Fagfjárfestasjóðir eru ekki sjálfstæðir skattaðilar og greiða ekki tekjuskatt. Hagnaður eða tap af rekstri þeirra er skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna.

9. **Hlutdeildarskírteini**

Ekki eru liðnir þrír mánuðir frá stofnun AAM GLEQ og því er ekki birt ávöxtun fyrir hann.

10. Bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina 31. desember 2013 greinist þannig. Samanburðartölur liggja ekki fyrir þar sem AAM GLEQ var stofnaður í október 2013.

| | **Bókfært verð 31.12.2013** | **Gengi 31.12.2013** |
|---|---|---|
| AAM GLEQ | 515 | 1,03 |

## 11. Sundurliðun og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Sundurliðun fjárfestinga sjóðsins greinist með eftirfarandi hætti:

| | Hlutabréf | | Annað | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | kr. | % | kr. | % | kr. | % |
| **AAM GLEQ** | | | | | | |
| Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði | 0 | 0,0% | 567.633 | 84,8% | 567.633 | 84,8% |
| Aðrir fjármálagerningar | 0 | 0,0% | 101.881 | 15,2% | 101.881 | 15,2% |
| | 0 | 0,0% | 669.514 | 100,0% | 669.514 | 100,0% |